

16 ára á árinu 1947 og enn eigi hafa innleyst tryggingaskírteini, skulu greiða skírteinagjald samkv. 127. gr. samtímis janúargreiðslu.

3
6. Jan.

Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Kjartan Ragnars.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún, nr. 12 20. febr. 1930.

4
6. jan.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu framvegis hækka um 100%, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Jensínu Jensdóttur og Jóns Gabrielssonar frá Fjallaskaga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Jensínu Jensdóttur og Jóns Gabrielssonar frá Fjallaskaga.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 19. september 1946 af Óskari Jónssyni framkvæmdastjóra í Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans Jensínu Jensdóttur — sem varð 90 ára þennan dag — og Jón Gabrielsson — sem andaðist 17. desember 1935 —. Þjuggu þau um langt skeið á Fjallaskaga í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 4190.42 krónur — fjögur þúsund eitt hundrað og níutíu krónur og 42/100 —.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að greiða fyrir stofnun og starfrækslu heimavistarbarnaskóla fyrir Mýrahrepp.